

Umhverfisstofnun,  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. janúar 2015  
2015010027/42-10  
PW, BM, TB  
jgo/tb

### **Erfðabreyttar lífverur, sojabaunaplanta, umsögn**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orf Líftækni um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera í flokki IV. Orf Líftækni sækir um leyfi til að rækta erfðabreyttar sojabaunaplöntur í gróðurhúsi fyrirtækisins við Melhólabraut 4 í Grindavík. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á þeim hluta umsóknar Orf Líftækni er fjallar um áhættumat vegna dreifingar sojabaunaplantna í náttúru Íslands.

Í umsókn/áhættumati Orf Líftækni kemur fram að engar heimildir séu til um ræktun sojabaunaplantna á ökrum eða utanhúss á Íslandi og talið útilokað að plönturnar nái að vaxa og fullþroskast við íslenskar aðstæður en vaxtarskilyrði plöntunnar eru best við hitastig 20° til 30°C í fjóra mánuði. Sojabaunaplöntur eru að langmestu sjálffrjóvgandi og mynda yfirleitt lokuð blóm þó þekkt sé að viss afbrigði geti myndað opin blóm. Víxlfrjóvgun getur átt sér stað en tíðni er mjög lág.

#### *Umsögn*

Engar tegundir sömu ættar og sojabaunaplöntur eða náskyldar tegundir finnast í náttúru Íslands. Þetta minnkar verulega líkur á erfðaefni erfðabreyttra sojabaunaplantna geti fluttst yfir í innlendar plöntutegundir.

Í flestum löndum þar sem *Glycine max* er ræktuð finnst plantan ekki utan ræktunarsvæða og tegundin hefur aldrei verið skráð sem framandi ágeng tegund í Evrópu.

Líffræðileg einkenni sojaplöntunnar þ.e. langur vaxtartími, plantan blómstrar seint og hefur litla fræframleiðslu - um 200 fræ pr. plöntu, eru þess eðlis að hún uppfyllir ekki lágmarks skilyrði til að flokkast sem illgresi.

#### *Niðurstaða*

Í ljósi þess sem kemur fram hér að framan telur Náttúrufræðistofnun litlar sem engar líkur á að ræktun erfðabreyttra sojabaunaplantna í lokuðu gróðurhúsi fyrirtækisins Orf Líftækni geti haft neikvæð áhrif á náttúrulega flóru Íslands. Engu að síður er alltaf ákjósanlegt að fara varlega og gera á ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lifandi erfðabreyttar sojabaunaplöntur




eða hlutar plöntunnar, sem geta t.d. innihaldið fræ, geti dreiftst út frá gróðurhúsunum s.s. með úrgangi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

